# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Innheimt eru gjöld af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðis-eftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald fyrir þjónustu er | kr. 18.900 |
| Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er | kr. 26.000 |
| Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er | kr. 245.000 |

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, annast innheimtu eftirlitsgjalda, samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðast kr. 34.000 umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 16.900.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 36.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 27.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 36.000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs- og götusölu greiðast kr. 26.000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármála- og efnahagsráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekin í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þvingunarúrræði laga nr. 93/1995 um matvæli skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af heibrigðisnefnd Norðurlands vestra í samræmi við 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá úr gildi gjaldskrá nr. 115/2023 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

*Sauðárkróki, 5. janúar 2024.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 01.24.01.1 | Alifuglarækt | 1 | 61.425 |
| 97.00.0.2 | Almenningssalerni | 0,5 | 23.625 |
| 52.31.00 | Apótek (söluturn án óvarinna matvæla) | 0,5 | 28.350 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | 47.250 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 86.425 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 2 | 147.850 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt - með kaffisölu | 2 | 170.100 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 28.350 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 1 | 49.140 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 1 | 75.600 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 33.075 |
| 71.10.0.1 | Bílaleiga | 0,25 | 16.538 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 85.050 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð, lítil - ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 33.075 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 33.075 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 11.813 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 11.813 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil | 1 | 103.950 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 160.650 |
| 92.53.0.1 | Dýragarður | 0,5 | 25.988 |
| 92.53.0.2 | Dýralæknastofa | 0,5 | 37.800 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 28.350 |
| 50.50.0.0 | Eldsneytisstöðvar, | 1 | 94.500 |
| 50.50.0.1 | Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar | 1 | 75.600 |
| 50.50.0.2 | Eldsneytistankar við hafnir minni en 10.000 l | 0,5 | 28.350 |
| 37.20.0.1 | Endurnýting úrgangs | 1 | 75.600 |
| 75.23.0.1 | Fangaklefar | 0,5 | 51.975 |
| 85.32.6.2 | Félagsheimili með eldhúsi | 1 | 91.150 |
| 85.32.6.1 | Félagsheimili með eldhúsi, lítil | 0,5 | 28.350 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 72.250 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar, litlir | 0,25 | 11.813 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir | 0,5 | 35.438 |
| 15.89.0.0 | Framleiðsla annarra matvæla | 1 | 80.325 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 75.600 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla á dýrafóðri | 1 | 70.875 |
| 15.20.7.0 | Framleiðsla á fæðubótarefnum, kítín | 1 | 160.650 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvörum og pökkun | 1 | 75.600 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti og efnum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 56.700 |
| 25.22.0.1 | Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil | 0,5 | 28.350 |
| 26.13.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,5 | 33.075 |
| 15.71.1.1 | Framleiðsla gæludýrafóðurs, lítil | 0,2 | 9.450 |
| 26.63.0.2 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 1 | 56.700 |
| 26.63.0.1 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil | 0,5 | 28.350 |
| 52.10.0.0 | Frystigeymslur | 0,5 | 30.713 |
| 80.22.0.0 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám/heimavist | 1 | 113.400 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, lítil | 1 | 94.500 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, stór | 1 | 132.300 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi/skólar, án mötuneytis | 1 | 56.700 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 16.538 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð - stærri flokkun | 1 | 75.600 |
| 90.00.0.41 | Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill | 0,5 | 37.800 |
| 55.12.0.1 | Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið allt að 16 gestir | 0,5 | 28.350 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 66.150 |
| 55.12.0.3 | Gististaðir án veitingasölu, 50+ gestir | 1 | 94.500 |
| 55.11.0.3 | Gististaðir með veitingasölu, 100+ gestir | 2 | 251.800 |
| 55.11.0.1 | Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 132.300 |
| 55.11.0.2 | Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir | 2 | 189.000 |
| 55.11.0.4 | Gististaður með fjölbreytta þjónustu, matsölu, sundlaug, snyrtiþjónustu o.fl. | 2 | 207.900 |
| 14.21.0.0 | Grjót-, malar- og sandnám | 1 | 70.875 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,33 | 15.593 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir/leikvellir | 0,25 | 11.813 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 35.438 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 28.350 |
| 85.11.1.3 | Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi | 2 | 251.800 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 0,5 | 28.350 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 51.31.0.1 | Heildverslun með matvæli, hreingerningaefni o.fl., lítil | 0,5 | 23.625 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar, litlar | 1 | 47.250 |
| 93.29.0.0 | Hestaleigur og reiðskólar | 0,5 | 23.625 |
| 80.10.0.5 | Hestamiðstöð | 0,5 | 23.625 |
| 50.20.0.15 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 23.625 |
| 85.14.9.4 | Húðflúrstofa | 0,5 | 28.350 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 1 | 47.250 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 1 | 66.150 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 75.600 |
| 92.61.0.8 | Íþróttamiðstöðvar með sundlaug | 2 | 179.550 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,5 | 33.075 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 75.600 |
| 55.40.0.3 | Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið | 0,5 | 23.625 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 11.813 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktor | 0,5 | 23.625 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla miðlungs með reykingu - mengun | 1 | 111.425 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 76.975 |
| 15.81.0.0 | Kleinu-, sælgætisgerð o.fl. minniháttar starfsemi | 0,33 | 15.593 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús - án matsölu | 1 | 70.875 |
| 55.40.0.4 | Krár, kaffihús - einfaldar veitingar og gisting | 1 | 85.050 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 166.750 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnavinnsla, lítil | 1 | 86.425 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs | 2 | 122.850 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnavinnsla, stór | 2 | 179.550 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 100.600 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 1 | 72.250 |
| 38.21.0.0 | Landmótun með óvirkum úrgangi | 0,33 | 18.711 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla | 0,5 | 47.250 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með eldhúsi | 1 | 103.950 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi, | 1 | 75.600 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta, ofn < 4 $m^3$ | 0,5 | 33.075 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar | 1 | 56.700 |
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 1 | 43.470 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú lítið | 0,5 | 30.713 |
| 01.25.2.1 | Loðdýrabú stórt | 1 | 70.875 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 1 | 133.675 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 1 | 166.750 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 1 | 185.650 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 94.500 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 2 | 141.750 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 3 | 226.800 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 185.650 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 257.900 |
| 20.30.9.5 | Málningaraðstaða | 0,25 | 11.813 |
| 85.31.1.0 | Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga | 1 | 70.875 |
| 15.61.0.2 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 1 | 61.425 |
| 20.20.0.1 | Meindýravarnir | 0,25 | 11.200 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 2 | 138.400 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú, ostagerð, eiming | 2 | 302.400 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 1 | 66.150 |
| 38.22.0.0 | Móttaka og meðhöndlun á seyru | 0,5 | 28.350 |
| 51.57.0.3 | Móttaka úrgangs til endurvinnslu | 1 | 80.325 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 100.600 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 2 | 128.950 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 2 | 176.200 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 1 | 56.700 |
| 43.11.0.0 | Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingasvæðis | 1 | 47.250 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 23.625 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 70.875 |
| 26.82.9.2 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 1 | 94.500 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 2 | 94.500 |
| 15.51.0.3 | Ostagerð lítil ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 33.075 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður, stór | 1 | 75.600 |
| 25.20.00 | Plastvöruframleiðsla | 0,5 | 51.975 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,33 | 15.593 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 51.975 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 80.325 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 14.175 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 72.11.0.0 | Rannsóknarstarfsemi | 0,25 | 16.538 |
| 80.10.0.6 | Reiðhöll - sýningarstarfsemi | 1 | 66.150 |
| 92.13 | Rekstur kvikmyndahúsa | 0,5 | 30.713 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 72.250 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna og hættulegra efna | 1 | 47.250 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 2 | 176.200 |
| 85.31.4.0 | Sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 35.438 |
| 15.33.0.4 | Samlokugerð, lítil | 0,5 | 58.075 |
| 24.51.3.1 | Sápu- og kremframleiðsla | 0,25 | 12.994 |
| 43.99.0.1 | Sérhæfð byggingarstarfsemi | 1 | 61.425 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 23.625 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | 89.775 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 141.750 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 11.813 |
| 85.32.3 | Skóladagheimili | 1 | 75.600 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar | 1 | 47.250 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 10.631 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 1 | 91.150 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús, stórt með brennsluofni | 2 | 251.800 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús, miðlungs | 1 | 95.875 |
| 15.11.0.0 | Sláturhús, stórt | 2 | 166.750 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 28.350 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 94.500 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðstofur | 1 | 47.250 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar - aðveitustöðvar | 0,5 | 28.350 |
| 93.21.0.0 | Starfsemi skemmti- og þemagarða | 1 | 47.250 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 75.600 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir, 17-50 manns | 1 | 85.050 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabústaðir (varanlegt húsnæði) < 16 manns | 0,33 | 28.067 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1 | 70.875 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 2 | 157.300 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 70.875 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 91.150 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 1 | 172.850 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 117.180 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 61.425 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,5 | 23.625 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 0,5 | 23.625 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli | 1 | 51.975 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,33 | 18.711 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði | 0,5 | 28.350 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, orlofshúsasvæði með smáhýsum | 1 | 75.600 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 14.175 |
| 20.30.9.4 | Trésmíðaaðstaða | 0,5 | 23.625 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 51.975 |
| 20.30.9.3 | Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 23.625 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 70.875 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöð | 2 | 245.700 |
| 80.10.0.7 | Útihátíð | 1 | 72.250 |
| 55.12.0.4 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,33 | 21.830 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúar | 6 | 942.000 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur, 500-2.000 íbúar | 2 | 194.500 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu | 0,5 | 28.350 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur, færri íbúar en 500 | 1 | 72.250 |
| 55.30.1.7 | Veitingavagnar | 0,25 | 16.538 |
| 50.20.0.14 | Verkstæði fyrirtækja | 0,5 | 30.713 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1 | 56.700 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða | 0,25 | 16.538 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á fiski, lítil | 0,5 | 48.625 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á fiski, miðlungs | 1 | 91.150 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á fiski, stór | 1 | 147.850 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,5 | 23.625 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir 10-50 MW | 0,5 | 103.950 |
| 40.10.0.2 | Virkjanir 1-10 MW | 0,5 | 80.325 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir stærri en 50 MW | 1 | 226.800 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,25 | 11.813 |
| 52.25.0.0 | Vínbúð | 0,33 | 31.185 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | 66.150 |
| 63.21.0.0 | Vöruflutningamiðstöðvar, litlar | 0,5 | 23.625 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 33.075 |

B-deild – Útgáfudagur: 19. janúar 2024